

Reglugjörð

69
23. júlí

um breyting á 29. gr. í reglugjörð fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu
um eyðing refa, fjallskil, rjettarhöld o. fl. frá 21. júní 1906.

29. gr. orðist þannig:

Ein eða fleiri lögrjettir skulu vera í hreppi hverjum, og eru þær nú á þessum stöðum:

Í Barðastrandarhreppi á Suðurhamri, Brjánslæk og Haukabergi.
Í Rauðasandshreppi í Vestur-Botni, Skógi og Breiðuvík.
Í Patrekshreppi á Geirseyri eða Vatneyri.
Í Tálknafjarðarhreppi í Norður-Botni og Kvigindisfelli.
Í Dalahreppi í Selárdal og Austmannsdal.
Og í Suðurfjarðarhreppi í Dufansdal, Trostansfirði og Langa-Botni.
Skilarjettir eru nú eins og segir í 23. gr.

Eftir tillögum meiri hluta fjáreigenda í hreppnum og með samþykki hlutaðeigandi rjettarbænda og sýslunefndar má hreppsnefnd gjöra breyting á rjettarstöðum og rjettarsóknum.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890 og nr. 36, 24. nóv. 1893, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. ágúst 1909.

Í stjórnarráði Íslands 23. júlí 1909.

Í fjarveru ráðherrans

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.